

REGLUGERÐ

um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 2010.

1. gr.

Á fjárhæð tekjutryggingar skv. 22. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og fjárhæð heimilisuppbótar skv. 8. gr. laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, skal greiða uppbætur sem hér segir á árinu 2010:

- a. Í júlí 2010 20% uppbót á þessar fjárhæðir vegna orlofsuppbótar.
- b. Í desember 2010 30% uppbót á þessar fjárhæðir vegna desemberuppbótar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 70. gr., sbr. 69. gr., laga nr. 100/2007 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 14. gr. laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2010. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 1193/2008, um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 2009.

Félags- og tryggingamálaráðuneytinu, 8. desember 2009.

Árni Páll Arnason.

Ágúst Þór Sigurðsson.